

JENSINE VESTI

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN



JENSINE VESTI

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN

STÆRÐIR

XS (S) M (L) XL (2XL) 3XL (4XL)

UMMÁL Á BRINGU

U.þ.b. 95 (103) 110 (117) 124 (131) 138 (145) sm.

HEILDARLENGD

U.þ.b. 44 (47) 50 (53) 56 (59) 61 (64) sm.

GARN FRÁ HJERTEGARN

Børstet uld (25% Alpaka, 57% ull, 18% nylon).

4 (5) 5 (6) 7 (8) 9 (10) hnotur.

PRJÓNAR

Hringprjónar nr. 4 og 7.

PRJÓNFESTA

14-15 lykkjur sléttprjón á prjóna nr. 7 = 10 x 10 sm.

PRJÓNAADFERÐ

Byrjað er neðst á vestinu og hvort stykki prjónað upp, hægt að prjóna í hring en þegar kemur að handvegi er prjónað fram og til baka.

BAKSTYKKI

Fitjið upp 68 (72) 78 (82) 88 (92) 98 (102) lykkjur á prjóna nr. 4. Prjónið 5 sm. brugðningu fram og til baka (1 slétt, 1 brugðin).

Skiptið yfir á prjóna nr. 7 og prjónið sléttprjón fram og til baka þar til stykkið mælist 23 (24) 25 (26) 27 (28) 29 (30) sm. Næsta umferð er á réttunni.

Fellið af 4 lykkjur fyrir handveg í byrjun á næstu tveim umferðum. Næsta umferð er á réttunni: gerið laskaúrtöku þannig: prjónið 2 slétt, prjónið 2 slétt

saman, prjónið þar til 4 lykkjur eru á prjóninum, takið 1 lykkju óprjónaða fram af og látið hana snúið til baka á vinstri prjóninn, prjónið 2 snúið slétt saman, prjónið 2 slétt. Prjónið brugðið til baka.

Endurtakið laskaúrtöku á réttunni alls 5 (5) 6 (6) 7 (7) 8 (8) sinnum. Prjónið þar til handvegur mælist 21 (23) 25 (27) 29 (31) 33 (35) sm. Fellið af allar lykkjurnar.

FRAMSTYKKI

Prjónið eins og bakstykkið, prjónið þar til handvegur mælist 12 (13) 14 (15) 16 (17) 18 (19) sm.

Næsta umferð er á réttunni. Fellið af 10 (10) 12 (12) 14 (14) 16 (16) lykkjur í miðju á stykkinu fyrir hálsmál og prjónið hvora öxl fyrir sig.

Fellið af 3,2,1 lykkjur í byrjun umferðar frá hálsmáli og prjónið þar til stykkið er jafnlangt framstykkinu. Fellið af. Prjónið hina öxlina eins en gagnstætt.

FRÁGANGUR OG HÁLSLÍNING

Saumið saman axlasauma og hliðarnar.

Prjónið upp 9 lykkjur af hverjum 10 lykkjum/umferðum meðfram hálsmálinu, notið prjóna nr. 4 og prjónið 3 sm. brugðningu (1 slétt, 1 brugðin).

Fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum. Gerið eins kringum handvegina og passið að sami lykkjufjöldi verði í báðum handvegum. Gangið vel frá öllum endum.

